

Mál nr. 369/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. kreditkortatryggingar.

Ferðamaður varð fyrir reykeitrun og munatjóni þegar kviknaði í dvalarstað þ. 28.6.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 8.8.2012 ásamt fylgiskjölum nr. 1-5
2. Bréf V dags. 23.8.2012.

Málsatvik.

M sem hafði verið námsmaður í Noregi um nokkurra ára skeið var á ferð um Noreg ásamt föður sínum þegar kviknaði í húsi sem þeir voru í og urðu þeir fyrir reykeitrun og munatjóni. M stundaði nám í Noregi en segist hafa dvalið á Íslandi á heimili foreldra sína allt árið 2012. M er með skráð lögheimili í Noregi. M krefst bóta úr kortatryggingu sinni hjá V og byggir á því að hann hafi búið samfelldt í rúma 180 daga hér á landi áður en slysið varð og dvalarland hans hafi því verið Ísland. Þá er á því byggt að M hafi verið sannanlega á ferðalagi með föður sínum sem greiddi alla ferðina með kreditkortinu sínu og M uppfylli því öll skilyrði til að fá bætur úr kortatryggingunni. V hafnar bótaskyldu og bendir á að korthafi sem búi utan Íslands sé tryggður skv. grein 1.1. vátryggingaskilmála þegar hann ferðast til annarra landa en ekki á ferðalögum innan dvalarlandsins. V bendir á að M hafi verið með skráð lögheimili í Noregi og verið enn við nám í Noregi þegar slysið varð og þess vegna verði dvöl í foreldrahúsum ekki flokkuð sem búseta vegna náms hér á landi. Þá liggi ekki fyrir í gögnum málsins að M hafi verið búinn að búa hér í 180 daga samfelldt þegar tjónið varð.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á að Ísland hafi verið dvalarland eða heimili M þegar tjónið varð. M á því ekki rétt á bótum úr kreditkortatryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr kreditkortatryggingunni hjá V.

Reykjavík 18.9.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.